

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga Giljahverfis. Breytingin varðar lóð nr. 6-8 við Vesturgil og felst í stækkun lóðar um 3,5 m til vesturs og lengingu byggingarreits um 2,7 m til sömu áttar.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í því að leyfð mænishæð húss nr. 22 við Hólatún verður 5,0 m í stað 4,75 m.

Breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 21. september 2004 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis. Breytingin felst í stækkun byggingarreita á lóðunum nr. 1-9 og 11-19 til vesturs, norðurs og suðurs, þannig að þeir verða 14 x 51,75 m í stað 12 x 50 m.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi. Sveitarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjon sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna breytinganna.

Akureyri, 15. október 2004.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. orðast svo:

Íslenskar einkaleyfisumsóknir eru lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni.

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir, sem ná til Íslands, eru afhentar yfirvaldi eða alþjóðlegri stofnun sem telst réttur viðtakandi samkvæmt samstarfssamningnum um einkaleyfi. Ákvæði um Einkaleyfastofuna sem viðtökuyfirvald er að finna í 65. – 70. gr.

Evrópskar einkaleyfisumsóknir, sem taka til Íslands, eru afhentar yfirvaldi eða evrópskri stofnun sem telst réttur viðtakandi samkvæmt evrópska einkaleyfasamningnum. Ákvæði um Einkaleyfastofuna sem viðtökuyfirvald er að finna í 77. – 78. gr.

Ef annað er ekki tekið fram gilda ákvæði þessarar reglugerðar aðeins um: